



FÉLAG SKÓGARBÆNDA
Á NORÐURLANDI

Stjórnarfundur Félags skógarbænda á Norðurlandi.

Fundur í stjórn Félags skógarbænda á Norðurlandi haldinn 15. febrúar 2016 kl.15:00 í Gömlu gróðrarstöðinni á Akureyri.

Mætt eru: Sigurlína Jóhannsdóttir, Davíð Herbertsson, Sigrún H. Þorsteinsdóttir, Baldvin Haraldsson og Helga Sigurrós Bergsdóttir. Valgerður Jónsdóttir framkvæmdarstjóri Norðurlandsskóga og Agnes Guðbergsdóttir Hróarsstöðum, fulltrúi félagsins í stjórn LSE sátu einnig fundinn.

Dagskrá:

1. Aðalfundur hvar og hvenær ofl.

Ákveðið að halda aðalfundu félagsins miðvikudaginn 24. febrúar kl. 15:00 í Gömlu gróðrarstöðinni á Akureyri. Einnig var ákveðið að fá Þröst Eysteinnsson skógræktarstjóra til að halda fyrirlestur um sameiningarmálin. Veitingar á fundinum verða pantaðar frá einhverri veislupjónustu, Lína sér um það. Björkin verður send út á morgun, með auglýsingu um aðalfundinn og upplýsingapistil um áformuð sameiningarmál sem Valgerður hefur sett saman.

2. Akstur og ferðakostnaður á stjórnarfundum og önnur embættisverk

Ákveðið var að miða við að greiða 50 kr. á km. fyrir akstur á fundum, reyna að samnýta bíla sem kostur er. Greiddur er útlagður kosnaður vegna flugferða formanns á formannafundi og aðra fundum sem stjórn ákveður að formaður sitji fyrir hönd félagsins. Senda fundargerðir stjórnarfundum til Agnesar, til upplýsinga og til Hráns til að setja á heimasíðu LSE.

3. Önnur mál

Hugmynd að skógargöngu um Silfrastaðaskóg, t.d. súpa í upphafi og ketilkaffi í skógi. Tillaga að dagsetningu 30. júní 2016. Ræða þarf við viðkomandi skógarbónda um þessa hugmynd.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Helga Sigurrós Bergsdóttir